

Fundargerð 88. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, 15. september 2022 kl. 15:00-17:00.

Fundinn sátu: Hólmfríður Sveinsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, séra Gísli Gunnarsson, Jón E. Friðriksson og Sveinn Margeirsson (sem var á skjánum/Teams).

Rektor lagði fram drög að dagskrá:

1. Dagskrá
2. Fundargerð fundar nr. 87
3. Kynning stjórnarfólks
4. Stjórn skiptir með sér verkum
5. Tillögur að fundardagskrá vetrarins
6. Breytingar í stjórnun og nýráðningar
7. Upphaf skólaárs
8. Húsnæðismál – viðhald v/myglu
9. Húsnæðismál Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar
10. Önnur mál

Dagskrádrög voru samþykkt.

1. **Fundargerð 87.** fundar var samþykkt. Sigríður Sigurðardóttir sat hjá.
2. **Kynning.** Háskólaráðsfulltrúar kynntu sig. Hólmfríður Sveinsdóttir rektor. Guðrún Stefánsdóttir dósent við Hestafræðideild og Sigríður Sigurðardóttir lektor við Ferðamáldeild, sem eru fulltrúar háskólasamfélagsins. Séra Gísli Gunnarsson vígslubiskup, varmaður Sigurlínu Lilju Pálmadóttur, en þau eru fulltrúar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Jón E. Friðriksson fyrrv. framkvæmdastjóri og Sveinn Margeirsson verkfræðingur, skipaðir til setu af háskólaráði.
3. **Verkskipting.** Rektor er formaður háskólaráðs eins og [starfsreglur skólans](#) kveða á um. Sigríður Sigurðardóttir var tilnefnd sem ritari háskólaráðs.
4. **Fundardagskrá.** Rektor lagði til að háskólaráð fundaði 3ja fimmtudag hvers mánaðar kl. 15. Sú tillaga var samþykkt.
5. **Breytingar í stjórnun og nýráðningar.** Ýmislegt var rætt um breytingar sem gerðar voru á skipuriti skólans í vor (sbr. fundargerð 87. fundar) og setningu framkvæmdastjóra. Stoðsvið skólans (RNK og MGR) halda sínum hlutverkum en lögð verður áhersla á verkefnistjórnun. Störf Eddu Matthíasdóttur framkvæmdastjóra, sem jafnframt er gæðastjóri skólans, snúa að faglegri yfirsýn, stefnumótun og stjórnun, fremur en handavinnu í daglegum verkefnum.  
Nýir starfsmenn á sviði rannsókna, nýsköpunar og kennslu eru: Ingibjörg Huld Þórðardóttir kennslustjóri í fullu starfi og Þórey Þórarinsdóttir náms- og starfsráðgjafi sem er í 25% starfshlutfalli. Þórey gegnir einnig 50% stöðu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.  
Nýr starfsmaður á sviði mannauðs, gæða og rekstrar er Íris Dögg Björnsdóttir mannauðsráðgjafi og er hún í deildri stöðu með Listaháskóla Íslands.  
Staða fjármálasérfræðings verður auglýst í haust en unnið er með ráðgjafafyrirtækinu Intenta við að setja upp nýtt fjárhagsskipulag fyrir skólann.

Þá hefur Klara Sveinbjörnsdóttir verið ráðin í fullt starf reiðkennara hjá Hestafræðideild.

6. **Upphaf skólaárs.** Alls hófu 90 nemendur nám við Háskólann á Hólum haustið 2022 og flestar kennarastöður hafa verið mannaðar.

7 **Húsnæðismál – myglutengd.**

Ný stjórn hefur tekið við Nemendagörðum og reglur um þá hafa verið uppfærðar til að koma í veg fyrir ýmsa hnökra sem vart var við í haust. M.a. hefur verið sett ákveðin „skilavika“.

Eftirlitsaðili húseigna/staðarumsjónarmaður verður ráðinn á næstu vikum.

„Húsnæðismyglumálið“ er komið til Framkvæmdasýslu ríkisins. Hvorki er búið að samþykkja hönnuði né tilboð en beðið er svara frá ráðuneytinu um það.

- 8 **Húsnæðismál Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar.** FISK Seafood hefur afhent Háskólanum á Hólum húsnæði Hólalax í Hjaltadal ásamt 35 milljónum í flutningsstyrk gegn því að húsnæðið í Verinu á Sauðárkróki verði rýmt fyrir 1. ágúst 2023. Nýtt rannsóknarhúsnæði á Sauðárkróki sem þarf að vera um 3000 - 3500 m<sup>2</sup>, á að vera tilbúið haustið 2024. Í því húsnæði verða skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, rannsókn-/þróunarstofur, geymslurými og eldisrými með aðgangi að umhverfisstýrðum tilraunaherbergjum.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið Skagafjörður verði með starfsemi í um 500 m<sup>2</sup> af húsnæðinu.

Verkefnisstjóri verður ráðinn tímabundið og sett á fót verkefnisstjórn sem í munu sitja fulltrúar hagaðila.

9 **Önnur mál.**

Rektor upplýsti um fjölda heimsóknna, móttaka og viðburða á vegum skólans í sumar og hvernig hann hefur birst og mun heyrast og sjást í fjölmiðlum á næstu dögum.